

Pólska í Tungumálaver

I. Staðbundin kennsla í pólsku fyrir nemendurnar í Reykjavík er í boði frá árinu 2008.

Kennslustaðir 2010-2011.

1. Fyrsti hópur – 13 krakkar frá Breiðholti.
Á mánudögum í Fellaskóla, kl. 15:30-16:50.
2. Annar hópur – 12 krakkar frá Miðbær.
Á þriðjudögum í Laugalækjarskóla, kl. 15:30 – 16:50.

Notuð er „**Hurra. Po – pólsku**“ - kennslubók og vinnubók skrifuð í Kraká í Póllandi fyrir pólskunám barna sem búsett eru erlendis.

Pólska ríkisstjórnin veitir allt kennsluefni, margmiðlun, og bækur fyrir nemendurnar til að lesa.

Á hverju ári, vinna nemendur lengra verkefni. Á síðasta ári, til dæmis "**Ferðir Storksins um Pólland**". Á þessu ári í **Prosékt um Ísland** í eTwinning: www.polski.ning.com

II. Netnám fyrir nemendur í 9. - 10. bekk fyrir öll sveitarfélög er í boði frá árinu 2008.

Nemendur í 9. og 10. bekk eru í netnámi og stunda sitt nám í heimaskóla eða á heima.

Á þessu ári höfum við 23 nemendur í 9. bekk. og 24 nemendur í 10. bekk. Þau eru, til dæmis frá: **Reykjavík, Egilsstöðum, Akranesi, Þorshöfn, Vestmanneyjum.**

Námið í pólsku **fer fram í Moodle** á vefsíðunni: www.polski.eduspoke.com.

Verkefnum bætt við í hverri viku, og yfirleitt þau ný: málnotkun, námsleikir í Quia, til að æfa sig á nýju efni, annað er í Moodle og nemendur fá einkunnir fyrir verkefni í Moodle, heimavinna í formi texta til að lesa (allar bækurnar sem nemendurnir fá að lesa rafrænar á netinu).

Á þessu ári unnu nemendur í 9.-10. bekk verkefni um Chopin, haustið 2010: www.projektochopinie.weebly.com Þetta er á heimasíðunni.

Að auki hittast áhugasamir nemendur í Laugalækjarskóla, t.d. fyrir jólin og á Valentínusardegi. Við spjöllum líka saman á spjallrás á námskeiðinu 2-3 í viku.

Myndir frá ýmsum atburðum í skólastarfinu er að finna á vefsíðu Tungumálaversins: www.laugalaekjarskoli.is/tung/.

Starfsmaður Tungumálavers er **Anna Filinska** og er hún pólskukennari.

Pólsk vefurinn á Tungumálatorginu hefur að geyma upplýsingaefni um skóla- og tómstundastarf á Íslandi. **Emilia Mlynska** er kennsluráðgjafi hjá Tungumálatorgi: www.tungumalatorg.is/polska.